



Fundargerð

Fundur haldinn 1. desember 2021 kl. 11.00

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, deildarstjórnarnir Fjóla Kristín Helgadóttir og Margrét Th Aðalgeirsdóttir, Sunneva Guðgeirsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Vala Þórsdóttir, Elísa Rún Gunnarsdóttir og Pawel Wasowicz fulltrúar foreldra, Sara Rún Sævarsdóttir og Aron Ingi Elmarsson fulltrúar nemenda. Herdís Alberta Jónsdóttir og Sesselja Úlfarsdóttir fulltrúar kennara voru báðar fjarverandi.

Fundarritari: Fjóla Kristín Helgadóttir

Dagskrá

- Menntastefna Akureyrarbæjar.** Anna segir frá Menntastefnu sem samþykkt var í bæjarráði í júní 2020. Segir frá vefsíðu sem er í vinnslu. [Tengill á vefsíðu sem er í vinnslu.](#)
- [Sýn og stefna](#) Oddeyrarskóla. Anna kynnti sýn og stefnu skólans. Allir sammála um að hún þarf að vera sýnilegri. Er sýnilegt fyrir starfsfólk í vikulegu Fréttakorni. Hugmynd að setja á meira áberandi hátt á heimasíðu og jafnvel á skjá í matsal.
- Skólanámskrá Oddeyrarskóla. Núgildandi skólanámskrá gildir til loka árs 2021. Endurskoðuð námskrá mun gilda frá 2022 - 2024. Anna kynnti skólanámskrá og starfsáætlun. Anna ætlar að deila skólanámskrá með skólaráði svo fulltrúar geti komið með athugasemdir. Forvararáætlun er í endurnýjun, núverandi tengill er orðinn ógildur.
- Gæðaráð. [Gæðaráð vinnur nú](#) að eftirfylgni umbótaáætlunar fyrir skólaárið sem birtist í vorskýrslu 2021. Jafnframt er unnið að mati á námi og kennslu. Búið er að senda spurningar sem tengjast námi og kennslu til allra kennarateyma og gæðaráð er nú að yfirfara hvar við viljum leggja áherslu í þeirri von að niðurstöður falli að viðmiðum um gæðastarf í skólum skv. þeim matslistum sem Akureyrarbær leggur til. Fulltrúar í skólaráði eru upplýstir um vinnu gæðaráðs og eru þannig tengiliðir inn í gæðaráð. Nemendur hafa ekki orðið mikið varir við umfjöllun um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en hann er eitt þeirra þátta sem ákveðið var að leggja áherslu á út frá niðurstöðu könnunar gæðaráðs.
- Önnur mál
 - Leiktæki á lóð skólans. Körfuboltavöllurinn verður tilbúinn innan skamms. Óskað eftir hugmyndum um leiktæki fyrir næstu skref í framkvæmd skólalóðar. Umræða um tæki á skólalóð fór fram bæði í nemendaráði og skólaráði í fyrra og þar komu fram óskir. Ákveðið hefur verið að setja niður kastala og trampólín. Anna sagði frá fyrirhuguðum breytingum á skólaslóð m.a. m.t.t. innkeyrslu og umferðar inn á skólalóðina. Óvissa er um í hversu miklar breytingar verður farið í á næsta ári. Fyrirspurn um hvort hagræðingarátak bæjarins muni hafa áhrif inn í Oddeyrarskóla. Anna segist ekki geta alveg svarað því en líklega muni það hafa einhver áhrif. Grunnskólarnir hafa verið vel reknir en líklegt að þeir þurfi að taka á sig einhvers konar niðurskurð. Áhersla verður á að standa vörð um nám nemenda. Ítrekað var að skólalóðin hefur beðið í mörg ár og henni má ekki fresta enn frekar.



Fundargerð

- b. Litlu jólin nemenda verða mánudaginn 20. desember frá kl. 9.00 - 11.00 en nemendur unglíngastígs munu halda sín litlu jólin föstudagskvöldið 17. desember. Nákvæm útfærsla liggur ekki alveg fyrir - covid takmarkanir geta haft áhrif.
- c. Árshátíð skólans verður haldin 21. og 22. janúar. Þrískiptar foreldra sýningar. Nú hefur verið ákveðið að haga undirbúningi eins og árshátíð verði haldin og ef ekki verður hægt að hafa hefðbundna sýningu verða atriðin tekin upp.
- d. Fyrirhugaðir eru þrjár fundir í skólaráði fram á vor.
- e. Tillaga um að hafa París á skólalóðinni - einfalt, ódýrt og fjölbreytt.
- f. Fyrirspurn um kynfræðslu fyrir nemendur, hjúkrunarfræðingur hefur komið inn í 6. bekk. Nemandi í 10. bekk segir að unglíngar fái töluverða kynfræðslu. Fulltrúar foreldra óska eftir meiri kynfræðslu fyrir yngri nemendur, bæði tengt mörkum og klámi. Foreldrafulltrúar í 4. bekk hafa óskað eftir því við foreldrafélagið að það kaupir fyrirlestur Siggu Daggar. Skólastjóri er að taka saman í samráði við námsráðgjafa upplýsingar um forvarnarfræðslu og munu stjórnendur skoða kynfræðslu sérstaklega. Tölvuteymi skólans tók í haust saman upplýsingar um örugga netnotkun barna og birti á heimasíðu skólans. Hugmynd að halda öllum svona upplýsingum á lofti t.d. inn á facebook.
- g. Anna sýndi í lokin mynd af fyrirhugaðri skólalóð. Breytingarnar hafa verið sendar íbúum til kynningar, þannig að málið er farið af stað í kerfinu.

Fundi slitið kl. 12.05

Fjóla Kristín skrifaði fundargerð